

Nýjar umhverfisvænar fernur

MARKAÐSMÁL

Liður í umhverfisstefnu MS er að leita sífellt leiða til að starfa í sem mestri sátt við umhverfi og náttúru. Meðal þess sem við leggjum ríka áherslu á er að bjóða upp á endurvinnanlegar umbúðir og nú bætum við um betur og skiptum út fernunum okkar fyrir nýjar og umhverfisvænni sem eru ekki eingöngu endurvinnanlegar heldur jafnframt búnar til úr endurnýjanlegu hráefni úr plönturíkinu.

Eins og áður er pappinn í nýju fernunum úr trjám en það sem telst til tíðinda er að plastið sem notað er í tappann er unnið úr plöntum í stað olíu áður. Umbúðirnar eru þær umhverfisvænstu sem völ er á fyrir drykkjarmjólk og framleiddar af sænska umbúðarframleiðandanum Tetra Pak. MS er fyrsta fyrirtæki sinnar tegundar í heimi sem setur allar mjólkurfernur úr þessarar umbúðir.

En hverju breytir þetta og hvaða máli skiptir þetta í raun, kunna einhverjir að spyrja sig. Hefðbundið plast er unnið úr olíu, sem er takmörkuð auðlind, og við vinnslu á henni losnar aukilið magn koltvísýrings CO₂ út í andrúmsloftið sem hefur m.a. áhrif á hlýnun jarðar. Plastið í nýju fernunum er aftur á móti unnið úr sykurreyri. Sykurreyri er aðallega gróðursettur á rýru beitiland og niður níddum



högum og hverja plöntu er hægt að nýta til uppskeru í 5-7 ár áður en planta þarf nýrri. Með þessari nýju aðferð er ekki gengið á takmarkaðar jarðefnaauðlindir við framleiðsluna og jafnframt er dregið úr aukinni losun koltvísýrings út í andrúmsloftið. Á sama tíma og MS leitast við að spara orku í starfsemi sinni viljum við nota eins umhverfisvæna orku og kostur er og fellur framleiðslan á nýju fernunum því vel að markmiðum fyrirtækisins.

Mjólkurfernurnar okkar bregða sér í nýjan búning þar sem þessum skilaboðum er komið á framfæri og verða nánari upplýsingar

settar fram á skýran og myndrænan hátt á sérstakri undirsíðu á vef Mjólkursamsölu. Helstu skilaboðin sem við viljum færa neytendum eru í raun tvíþætt; í fyrsta lagi að nýju umbúðirnar séu umhverfisvænni en áður og í öðru lagi viljum við hvetja fólk til endurvinnslu. Fernurnar eiga nefnilega framhaldslíf fyrir höndum ef við skilum þeim til endurvinnslu en með því er bæði dregið úr urðun úrgangs ásamt því að bæði orka og landsvæði sparaast. Hvert tonn af pappi sem fer til endurvinnslu sparar um 26.000 lítra af vatni og 17 tré og fyrir hvert kg af plasti sem fer til endurvinnslu sparast 2 kg af olíu.

Verum meðvituð um eigin neyslu, tökum afstöðu með umhverfinu og endurvinnnum.

Guðný Steinsdóttir
Markaðsstjóri

Auðhumla og Matís vinna nú saman að því að styðja og styrkja frumkvöðla til að þróa og koma nýjum hugmyndum byggðum á mjólk á framfæri. Opíð er fyrir allskonar hugmyndir og eina skilyrðið er að mjólkinni gegni lykilhlutverki. Kostur er ef hugmyndin stuðlar að jákvæðum umhverfisáhrifum og aukinni sjálfbærni. Styrkir eru að hámarki 3 milljónir. Stuðningurinn felst í sérfræðiráðgjöf t.d. við að koma vöru á markað, aðstoð við uppsetningu vinnsluferla, vöruþróun, umbúðahönnun, matvælaöryggi og mælingar (t.d. geymsluþols-, næringargildis-, efnamælingar- og/ eða lífvirknimælingar). Einnig kemur til greina að standa fyrir námskeiðum fyrir smáframleiðendur mjólkurafurða eða afla nýrrar þekkingar á annan hátt.

Það verður ekki greitt fyrir eigin vinnu umsækjanda, hráefni eða tækjakaup. Gert er ráð fyrir að verkefnið hefjist í júlí 2017 og séu til eins árs.



Fyrirmyndarbú



Nú hafa 110 framleiðendur fengið viðurkenningu sem Fyrirmyndarbú. Í viðbót eru nokkrir sem ekki hafa fengið viðurkenningu en eru að vinna í sínum málum. Ekki er óeðlilegt að menn vilji nota sumarið til þess að lagfæra og snyrta byggingar og umhverfi. Því má gera ráð fyrir fleiri óskum um úttektir með haustinu.

Á vinnufundi starfshóps Auðhumla um Fyrirmyndarbúið var ákveðið að taka inn atriði um útivist nautgripa og að hauggeymslur væru til staðar sem uppfylla kröfur reglugerðar. Kraftan um útivist tekur gildi strax, en spurt verður um hauggeymslur við næstu úttektir. Á sama fundi starfshóps var ákveðið að framkvæma ekki úttektir vegna fyrirmyndarbús yfir sumartímann. Mörg atriði í úttektinni lúta að því hvernig gripir eru hýstir og ekki hægt að taka það út á meðan gripir eru á útgangi.

Til að viðhalda viðurkenningu sem fyrirmyndarbú er gert ráð fyrir árlegri úttekt. Í hagræðingarskyni verður haft samband þegar nær dregur og úttektartími ákveðinn. Við hvetjum ykkur sem eru að huga að úttekt vegna Fyrirmyndarbúsins að nýta sumarið til að lagfæra og snyrta búin hjá ykkur.


Jarle Reiersen
Dýralæknir

Framleiðsla mjólkur

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Framleiðsla mjólkur 2017 vika 1 - 22

Það sem af er árs 2017 hefur vikuleg framleiðsla mjólkur verið vaxandi í samanburði við fyrra ár, og eins og fram kemur í yfirliti 1 má sjá að framleiðslan er stöðugt að nálgast sama vikulega magn og á árinu 2016. Einnig sést að mismunur vikuframleiðslu 2017 og 2015 hefur verið nánast jafn frá upphafi árs og fram í síðustu skráðu innvigtun-arkviku nr. 22 – eða um 6% milli vikna 2017/2015. Kringum mánaðamótin júní/júlí, eða á tímabilinu viku 26–28, þegar framleiðsla mjólkur fer að minnka aftur eins og hefðbundin árstíðarsveifla gerir ráð fyrir, skýrist frekar hver líkleg þróun verði á haust- og vetrarmánuðum og þar með í hvað heildarframleiðsla ársins stefnir í á árinu 2017.



Sala mjólkur og útflutningur

Auk þess að sýna ráðstöfun mjólkur í apríl 2017, í yfirliti 2, þá kemur einnig fram ráðstöfun mjólkur sl. 12 mánuði þ.e. á tímabilinu maí 2016 – apríl 2017. Á þessu tímabili nam umreiknuð sala mjólkur um 129,8 milljónir lítrum á próteingrunni og hefur því aukist um 4,59% s.l. 12 mánuði. Umreiknuð sala á fitugrunni var 140,9 milljónir lítra. og jókst um 5,29% á sama tíma. Innvigtun mjólkur á þessu viðmiðunartímabili var 148 milljónir lítra. Framleiðsla umfram sölu á tímabilinu var því um 18,2 milljónir lítra á próteingrunni og um 7,1 milljónir lítra

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	apríl mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	30.778.030	28.120.209	33.177.124	-6,39	-10,57	33,16
Innvegin mjólk	12.484.747	37.548.875	148.021.191	-6,29	-5,89	-1,98
Seldar afurðir	10.068.986	31.601.087	129.833.361	-4,28	0,79	4,59
Útflutningur	462.410	1.506.695	15.321.632	-72,21	-75,05	-9,87
Birgðir í lok	32.412.326	32.412.326	32.412.326	-2,31	-2,31	-2,31
Mismunur	319.055	148.976	3.630.996	-62,12	-80,67	124,87
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	22.787.373	21.882.018	27.936.287	-18,11	-11,21	79,98
Innvegin mjólk	12.484.747	37.548.875	148.021.191	-6,29	-5,89	-1,98
Seldar afurðir	10.946.909	34.274.098	140.916.989	2,82	3,43	5,29
Útflutningur	11.768	295.166	7.960.471	-99,46	-91,07	99,32
Birgðir í lok	23.675.513	23.675.513	23.675.513	-15,25	-15,25	-15,25
Mismunur	637.930	1.186.116	3.404.504	59,25	627,09	342,94

Yfirlit 2 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. apríl 2017.

á fitugrunni. Útflutningur á mjólk m.v. prótein nam 15,3 millj. ltr, en útflutningur á fitugrunni nam um 7,9 millj. lítrum.

Birgðir mjólkurvara


Í yfirliti 3 sést þróun birgða helstu flokka mjólkurvara frá janúar 2016 – apríl 2017. Birgðastaða mjólkurvara er góð, en í lok maí mánaðar og í fyrri hluta júní verða flutt úr landi um 200 tonn af undanrennuðufti og einnig um 140 tonn af 26% Gouda osti. Við það verða ostabirgðir í góðu jafnvægi, bæði með tilliti til magns og aldursskiptingar.

Ríkisstuðlar til umreiknings mjólkurvara yfir í mjólk frá framleiðendum

Í yfirliti 2, þar sem ráðstöfun mjólkur kemur fram má sjá mismun sem nemur 3,4 millj. ltr. á fitugrunni og 3,6 millj. lítrum á próteingrunni. Þessi frávik samsvara mismun þess sem er til ráðstöfunar og þess sem ráðstafað er. Ástæður þessa geta verið margar, en ein af þeim getur skýrst í breytingum á efnasamsetningu mjólkur í fitu- og próteininnihaldi sem síðan hefur áhrif á það magn mjólkurvara sem fæst úr hverjum lítra mjólkur við vinnslu. Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur um þessar mundir til endurskoðunar svo kallaða Ríkisstuðla sem notaðir eru hverju sinni til að umreikna og meta m.a. stærð innanlandsmarkaðar og aðra ráðstöfun mjólkur. Ef til leiðréttingar kemur munu umreiknaðar tölur í birgðum, innanlandssölu og útflutningi hækka og að sama skapi mun reiknaður mismunur lækka.

Pálmi Vilhjálmsson

Framkvæmdastjóri framleiðslusviðs



Yfirlit 3 Birgðapróun helstu vörflokka janúar 2016 – apríl 2017.

Mjólkursamsalan á samfélagsmiðlum

FRÉTTIR

Það er mikilvægt að taka þátt í samtalinu þar sem það á sér stað. Mjólkursamsalan (MS) steig það skref fyrir nokkrum vikum að fara á Facebook en áður höfðu nokkrar vörur fyrirtækisins verið með viðveru á samfélagsmiðlinum.

Nú þegar hefur almenningur tekið fyrirtækinu vel og safnast hefur hratt í góðan hóp sem vill fylgjast með því sem við erum að gera. Mjólkursamsalan er eitt þeirra fyrirtækja sem snertir flestar fjölskyldur daglega. Það er því gott að eiga einfalda leið til þess að eiga samtál um umbúðir, vörurnar og um hvað annað sem liggur á hjarta þeirra enda 90% af þjóðinni skráð á miðilinn. Þátttaka almennings í þessu samtali hefur verið framar vonum og afar jákvæð hingað til.

Við viljum gjarnan segja almenningi frá því sem snertir okkar starfsemi, sögur, til dæmis af mjólkurbílstjórunum sem keyra yfir heiðar og innst í firði og út á annes við mis góð skilyrði til þess að sækja mjólkina til bænda.



Við viljum líka segja frá ykkur, bændum sem leggja til mjólk í framleiðsluna.

Ein af fyrstu færslunum okkar var um nýju umhverfsvænu umbúðirnar okkar og um Birnu Þorsteinsdóttur – kúabónda og fv. Stjórnarmann í MS og Auðhumlu. Fengum við afbragðs viðbrögð við þessu tvennu. Þá var mjög gaman að sjá hversu viljugir fylgjendur okkar voru að deilda myndbandi okkar um hvernig má brjóta saman mjólkurfarnu svo endurvinnslan taki sem minnst pláss.

Mjólk er meira en bara hollur hvítur vökvi – rík saga er bak við hvern mjólkurpott og hverja hleðslu sem er þess virði að segja frá. Alveg frá bændum og umbúðum til neyslu og samfélagslegrar þátttöku MS. Við

ætlum að bæta við sögum á komandi misserum af bændum en einnig að segja frá starfsemi MS. Endilega fylgist með okkur til þess að lesa og sjá meira um fyrirtækið ykkar á www.facebook.com/mjolkursamsalan

Sunna Gunnars Marteinsdóttir
Verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum

Mjólkursamsalan

1. Júní er alþjóðlegur dagur mjólkur og við í Mjólkursamsölu gleðjumst að sjálfsgötu yfir því. Við erum gríðarlega stolt af eigendum okkar, kúabændum og fjölskyldum þeirra um allt land, en þessi hópur vinnur hörðum höndum að því að færa okkur holla, hreina, næringarríka og bragðgóða íslenska mjólk. Birna Þorsteinsdóttir er kúabónda á Reykjum í Árnessýslu og hefur stundað búskap síðan hún var 23 ára. Á Reykjum eru 70 kýr og fá þær allar nafn við fæðingu en í allt eru gripirnir 190 talsins, naut og kálfar á öllum aldri. Það eru engir tveir dagar eins hjá kúabændum en það er einmitt það sem Birna þykir ánægjulegast við starfið og nefnir líka hve gaman það hafi verið að fá að taka þátt og fylgja þeirri miklu þróun sem verið hefur í starfsgreininni síðustu áratugi. Við óskum Birnu og öllum íslenskum kúabændum innilega til hamingju með daginn.



MS Léttmál – góð næring í amstri dagsins

MARKAÐSMÁL

MS Léttmál er ný tegund millimála og frábær kostur fyrir þá sem kjósa fljótlega, bragðgóða og umfram allt holla millimáltíð í amstri dagsins. Vörulínan samanstendur af fjórum vörum sem eiga það sameiginlegt að vera hreinar í grunninn, án viðbættis sykurs og sætuefna og með hollum og stökkuðum toppi. Léttmálslínan inniheldur gríska jógúrt með döðlum möndlum og fræjum, kotasælu með berjum og möndlum og nú fyrir skemmstu bættust við grjónagrautur með rúsínum, möndlum og kanil og skyr með berjum og möndlum.

Léttmálin frá MS eru einstaklega handhæg og bragðgóð og auðvelt er að grípa þau með sér og neyta hvar sem er og hvenær sem er. Léttmálin eru því handhægur og hollur kostur þegar þig langar í góða næringu í amstri dagsins.



Vissir þú að...

FRÓÐLEIKUR

- ef þú ert með of há mæligildi í mjólkinni fyrir fríar fitusýrur (FFS), þarftu að minnka aðgengi kúa að mjaltapjóni í lok mjaltaskeiðs
- stundum passar ekki fituríkt kjarnfóður með gróffóðri þannig að fríar fitusýrur (FFS) hækka í mjólkinni
- góð Selen/E-vitámín staða í hjörðinni stuðlar að lægri fríum fitusýrum (FFS) í mjólkinni



MS.já skólinn

FRÉTTIR

Mjólkursamsalan býr að fjölbreyttum mannauð en fyrir utan sautján mismunandi þjóðerni er þekking og hæfni ólík, og störfin sjálf eru fjölmörg. Hjá MS starfa mjólkurfræðingar, verkafólk í framleiðslu og þökkun, sérfræðingar í gæðaeftirliti, bílstjórar, verkstæðis- og viðhaldsfólk, lagerstarfsfólk, sölufulltrúar, vörukynnar, þjónustufulltrúar, skrifstofufólk og ýmsir aðrir sérfræðingar.

Grunnurinn að árangri fyrirtækja er hæfni mannauðsins. Til þess að vera vakandi fyrir því að þróa og efla hæfni starfsfólks Mjólkursamsölnunnar þurfum við að bjóða upp á öfluga starfsþjálfun. Stefna MS í fræðslumálum er að starfsfólk fái þjálfun og fræðslu við hæfi og eftir því sem þörf er á. Dæmi um þetta er: nýliðafræðsla, stjórnendafræðsla, hvers kyns símenntun og endurmenntun starfsfólks. Fyrir þá sem hafa áhuga á að fylgjast með hvað er að gerast í innra starfi MS þá hefur verið sett upp fræðsluáætlun til ársins 2020. Tilgangurinn er að MS búi að hæfara og ánægðara starfsfólki en markmiðið er að starfsfólk auki hæfni sína í starfi og efli sig jafnframt sem einstaklingar.

Áætlunin var unnin í samráði við starfsfólk og endurspeglar þarfir og óskir í fræðslumálum. Þetta er afurð vinnu sem fór af stað sl. haust við að greina fræðslu- og þjálfunarþarfir, þegar fyrirtækið tók þátt í verkefni fræðslusjóðanna „fræðslustjóri að láni“. Haldnir voru hugarflugsfundir með starfsfólki á öllum starfsstöðvum og eins var fundað með milli stjórnendum. Rúmlega



10% starfsfólks MS var boðið að taka þátt í hugarfluginu sem er grunnurinn að áætluninni. Í Reykjavík, á Selfossi og Akureyri verða fulltrúar í fræðslunefnd sem munu sjá um utan um hald námskeiða, skráningu og mat á fræðslu. Fulltrúi Reykjavíkur mun einnig sinna Búðardal og Egilsstöðum.

Boðið verður upp á starfstengda þjálfun og annað sem eflir starfsfólk. Dæmi um námskeið eru: Tölvunámskeið, Ostaskólinn þar sem fólk gefst kostur á að læra um ostagerð og smakka, íslenskukennsla fyrir útlendinga, lögboðin þjálfun fyrir bílstjóra með meirapróf, skyndihjálpar og margt fleira.

Fræðslunetið þar sem haldið er utan um námskeið hefur hlotið nafnið **MS.já** skólinn. Nafnið er tengt gildum fyrirtækisins: **METNAÐUR – SAMVINNA – JÁKVÆÐNI – ÁBYRGÐ** enda mikilvægt að þjálfun starfsfólks taki mið af því hvernig menningu verið er að styðja við hjá fyrirtækinu og hvernig hæfni þarf að efla. Haft er að leiðarljósi setning sem spannar öll gildi fyrirtækisins: Við erum ein samstíga liðsheild með **metnað** sem leysir málin **saman** með **jákvæðni** að leiðarljósi og á samfélagslega **ábyrgan** hátt.

Inga Guðrún Birgisdóttir
Mannauðsstjóri MS



Gæða-, öryggis og umhverfisstjóri MS

FRÉTTIR

Gústaf H. Hjálmarsson hefur verið ráðinn Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri.

Gústaf mun koma að stefnumótun í gæða- og umhverfismálum og leiða innleiðingu á stöðlum í samstarfi við gæðastjóra framleiðslueininga MS en auk gæða og umhverfismála munu öryggismálin tilheyra þessu nýja starfi.

Gústaf er útskrifaður Matvælafræðingur M.Sc. frá Háskóla Íslands og hefur úttektarréttindi fyrir BRC staðalinn. Hann kemur frá Marel þar sem hann hefur starfað um árabíl og tekið þátt í verkefnum með mörgum af stærstu matvælaframleiðendum heims í tengslum við innleiðingar og ráðgjöf á sviði lausna



við rekstur á gæðakerfum. Gústaf rak um tíma eigið ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfði sig í alþjóðlegum gæðastöðlum og hefur mikla reynslu í innleiðingu á nýjum ferlum sem og kennslu og ráðgjöf. Á ferilskránni hans má meðal annars finna kennslu við Háskóla Íslands við matvælafræðiskor.

Után vinnu hefur Gústaf gaman af matargerð, þar sem vörur frá MS koma að sjálfsögðu við sögu, og að því að hreyfa sig en hann hleypur reglulega og hjólar ásamt því að spila golf.

Gústaf er 48 ára, giftur Sóleyju bráðahjúkrunarfræðingi og eiga þau þrjá syni og Golden Retriever hund.